

DV

Sunnudagur 23. apríl



SJÓNVARPIÐ

- 16.05 **Vor í Vín** Uptaka frá hinum árlegu vortónleikum í Vín. (Evróvision – Austurríska sjónvarpið)
- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Gunnar Björnsson flytur.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Táknmálsfréttir.**
- 19.00 **Roseanne.** (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.30 **Matador (24).** (Matador). Lokabáttur. Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 22.00 **Mannlegur þáttur.** Umsjón Egill Helgason.
- 22.30 **Bergmál.** (Echoes). Þriðji þáttur. Breskur myndaflokkur í fjórum þáttum, byggður á sögu Maeve Binchy. Þýðandi Jóhanna Þránsdóttir.
- 23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 8.00 **Kóngulóarmaðurinn.** Spennandi teiknimynd um Kóngulóarmanninn og vini hans sem alltaf eru að lenda í nýjum og spennandi ævintýrum.
- 8.25 **Högni hrekkvísí.** Teiknimynd.
- 8.50 **Alli og Ikornarnir.** Teiknimynd.
- 9.15 **Smygl.** Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglinga. 4. hluti.
- 9.45 **Draugabarnar.** Vönduð og spennandi teiknimynd. Leikraddir: Guðmundur Ólafsson, Júlíus Brjánsón og Sólveig Pálsdóttir.
- 10.10 **Perla.** Teiknimynd.
- 10.35 **Lafli Lokkaprúði.** Falleg teiknimynd.
- 10.50 **Þrumuketill** Teiknimynd.
- 11.15 **Rebbi, það er ég.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 11.45 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
- 12.55 **Dægurátt.** Þáttur með frægt fólk með spennandi áhugamál.
- 13.40 **Menning og listir.** Fræðslumynd.
- 14.10 **Eiginkonur í Hollywood.** Annar hluti endurtekkinn framhaldsmyndar í þrem hlutum sem byggð er á samnefndri bók eftir Jackie Collins. Aðalhlutverk: Candice Bergen, Joanna Cassidy, Mary Crosby, Angie Dickinson, Steve Forrest, Anthony Hopkins, Roddy McDowall, Stefanie Powers, Suzanne Somers, Robert Stack og Rod Steiger.
- 15.45 **Undur alheimsins Nova.** Í þættinum verður gerð grein fyrir áhrifum ofurleiðni á nútíma tækniþróun. Ofurleiðni var fyrst uppgötvuð af hollenskum vísindamanni árið 1911 en áhrif hennar voru fyrst útskýrð á sjötta áratugnum.
- 16.45 **A la carte.** Endurtekkinn þáttur þar sem við fylgjumst með því hvernig matbúa má lifrarpaté. Umsjón Skúli Hansen.
- 17.05 **Golf.** Sýnt verður frá glæsilegum erlendum stórmótum.
- 18.10 **NBA körfubollinn.** Ýmsir bestu íþróttamenn heims fara á kostum.
- 19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.10 **Landslagið** Í kvöld heyrum við niunda lagið sem komst í úrslit í Söngvakeppni Íslands, landslaginu.
- 20.15 **Harlem Glopetrotters.** Þáttur um hið heimsfræga körfuknattleikslíð sem verður í heimsókn hér á landi um þetta leyti.
- 20.45 **Helgarspjall.** Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri tekur á móti góðum gestum í sjónvarpsal.
- 21.35 **Geimálfurinn.** Alf. Litli loðni hrekkjalómurinn Alf slær í gegn að vanda.
- 22.00 **Áfangar.** Vandaðir og fallegir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu sem merkir eru fyrir náttúruferðir eða sögu en ekki eru alltaf í alfaraleið.
- 22.10 **Lagakrökar.** Þá eru félagarnir góðkunnir á lögregluáskrifstofunni mættir til leiks.
- 23.00 **Alfred Hitchcock.** Sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistarar hrollvekjunnar.
- 23.25 **Ærsladraugurinn II.** Poltergeist II. Snillingurinn Spielberg er hér á ferðinni með framhaldið af samnefndri kvikmynd sem sló öll aðsóknarmet. Aðalhlutverk: JoBeth Williams, Craig T. Nelson, Heather O'Rourke og Oliver Robins. Leikstjóri: Brian Gibson.
- 00.55 **Dagskrárlok.**



Rás 1 FM 92,4/93,5

- 7.45 **Morgunandakt.** Séra Sváfnir Sveinbjarnarson prófastur á Breiðabólstað flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.**
- 8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
- 8.30 **A sunnudagsmorgni með Friðriki Pálssyni forstjóra.** Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Jóh. 16. 5 – 15.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** – Kafinn um Vorði úr Arstíðunum eftir Antonio Vivaldi. – Flautukonsert í D-dúr eftir Luigi Boccherini. – Sinfónía nr. 94 eftir Joseph Haydn. (Af hljómplötum.)
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Af menningartimaritum.** Annar þáttur: Um tímaritið Birting. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
- 11.00 **Messa í Njarðvíkirkirkju.** Prestur: Séra Þorvaldur Karl Helgason.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.30 **Ljóðið er glataður tími fundinn á ný.** Ljóðadagskrá í umsjón Berglindar Gunnarsdóttur.
- 14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sigild tónlist af léttara taginu. Johann Strauss, Bedrich Smetana, Franz Lehar, Carl Zeller, Emmerich Kalmann og Leo Delibes.
- 15.10 **Spjall á vordegi.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Hjálpi oss heil-agur Skerjalákur Hólmur, verndarýringur allra heimsins einkaspejara. Enn er hann á kreiki í Barnaútvarpinu hann Baldvín Píff eftir Wolfgang Ecker í þýðingu Þorsteins Thorarensen.
- 17.00 **Tónleikar á vegum Evrópu-bandalags útvarpsstöva.** Útvarpað verður hljóðritun frá Tónlistarháttíðinni í Dresden í Austur-Þýskalandi á síðasta ári. Tónlist eftir Carl Philipp Emanuel Bach og Johann Sebastian Bach. Carl Philipp Emanuel Bach-hljóm-sveitin leikur; Hartmut Hänchen stjórnar. (Hljóðritun frá austur-Þýska útvarpinu, Rundfunk der DDR)
- 18.00 **Eins og gerst hafi í gær.** Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Einnig útvarpað morguninn eftir kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Leikandi létt.** Ólafur Gaukur ræðir um þekkt tónlistarfólk og spilar plötur, að þessu sinni Nat King Cole.
- 20.00 **Sunnudagsstund barnanna.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum)
- 20.30 **Esja,** sínfónía í f-moll eftir Karl O. Runólfsson. Sínfóníuhljóm-sveit Íslands leikur; Bohdan Wodiczko stjórnar. (Hljóðritun frá tónleikum í Háskólabíói í maí 1968.)
- 21.10 **Ekkí er allt sem sýnist** – Þættir um náttúruna. Sjötti þáttur: Anamaðurinn. Umsjón: Bjarni Guðleifsson. (Frá Akureyri)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Heiðaharmur eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les (19.)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvóldsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Harmóníkupáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson.
- 23.00 ... og samt að vera að ferðast. Þættir um ferðir Jónasar skálds Hallgrímssonar í samantekt Bóðvars Guðmundssonar. Lesarar með honum: Sverrir Hólmarsson og Þorleifur Hauksson. Síðari hluti. (Aður útvarpað í ágúst 1980)
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Ómur að utan** – The Tempest – Ofviðrið eftir William Shakespeare. Síðari hluti. Sir John Gielgud leikur Prospero. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



- 03.05 **Vökulöggin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gestu.** Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.

- 11.00 **Urval vikunnar.** Urval úr dægur-málaútvarpi vikunnar á Rás 2.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Spilakassinn.** Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
- 15.00 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekin frá föstudagskvöldi.)
- 16.05 **126.** Tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlustendur.
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.** Elisabet Gunnlaugsdóttir leggur nokkrar góðar spurningar fyrir danska rit-höfundinn Bjarne Reuter, sem reyndist vera Madonnugeggjari þegar velja átti tónlist í þáttinn. Einnig verður lesið úr nýjustu unglingsbók hans.
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 01.10 **Vökulöggin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Að loknum fréttum kl. 2.00 er endurtekin frá föstudagskvöldi Vinsældalisti Rásar 2 sem Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir. Að loknum fréttum kl. 4.00 flutt brot úr þjóðmáláttunum Á vettvangi. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrifandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrágerðarmaður sér um að raða undir nálna. Fórum snemma á fætur með Harósnúna Halla!
- 13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn. Ómissandi við útigrillið!
- 24.00 **Næstur dagskrá.**



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkverson.** Fjór við tóninn. Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
- 14.00 **Margrét Hrafnisdóttir** fer með hlustendum í bíltúr, kikir í ísbúðirnar og leikur góða tónlist. Margrét sér okkur fyrir skemmtilegri sunnudagsdagskrá með ýmsum óvæntum uppkomum.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn.
- 24.00 **Næstur stjómur.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jass & blús.**
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Elds er þörf.** Vinstri sósíalistar. E.
- 16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
- 17.00 **Á mannlegu nótnum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
- 18.00 **Frá verkfallsvakt BHM.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
- 18.30 **Mormónar.** E.
- 19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristjáns Freys.

- 23.00 **Kvöldtónar.** Tónlist á rólegu nótnum.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt Meðal** efni: Kl. 2.00 Poppmessa í G-dúr. E.



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **MÁ.**
- 16.00 **MK.**
- 18.00 **FG.**
- 20.00 **Útvarperáð Útrásar.**
- 22.00 **Neðanjarðargöngin,** óháður vinsældalisti á FM 104,8.
- 01.00 **Dagskrárlok.**



- 14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðju-degi.
- 15.00 **Blessandi tónar.** Guð er hér og vill finna þig.
- 21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtu-degi.
- 22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
- 24.00 **Dagskrárlok.**



- 6.30 **Fugl Baileys.**
- 7.00 **The Hour Of Power.**
- 8.00 **Grínliðjan.** Barnaefni.
- 12.00 **Íþróttapáttur.**
- 13.30 **Tískupáttur.**
- 14.00 **A Fine Pair.** Kvikmynd.
- 16.00 **Beyond 2000.** Vísindapáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Joanie Loves Chachi.**
- 18.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 19.30 **Dolly.** Gamanþáttur.
- 20.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 22.30 **Sara Dane.** Kvikmynd.
- 23.30 **Entertainment This Week.**
- 00.30 **Poppþáttur.**



- 17.00 **To Be or Not to Be.**
- 19.00 **Short Circuit.**
- 21.00 **Tin Men.**
- 23.00 **Jumping Jack Flash.**
- 1.45 **Raising Arizona.**



- 11.30 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
- 12.30 **Hjólreiðar.** Amstel Gold í Hollandi.
- 13.30 **Tennis.** Davis bikarinn. USA-Frakkland.
- 14.30 **Bílasport.** Formúla 1 keppni á Ítalíu.
- 15.30 **Véihjólakeppni.** US Grand Prix.
- 16.30 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppni í Stokkhólmi.
- 17.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 19.00 **Eurosport – What a Week!** Litlið á helstu viðbúðum síðastliðinnar viku.
- 20.00 **Frjálsar íþróttir.** London Marabon.
- 22.00 **Bílasport.** Formúla 1 keppni á Ítalíu.
- 24.00 **Ishokki.** Heimsmeistarakeppni í Stokkhólmi.



Helga Möller ásamt Paddington bangsa í Bláfjöllum.

Sjónvarp kl. 18.00:

Sumarglugginn

Sumarglugginn er þáttur fyrir börn á sunnudögum sem tekur við af Stundinni okkar. Mun hann innihalda bæði innlent og erlent efni. Erlenda efnið samanstendur af teiknimyndum með íslensku tali. Af innlendu efni má nefna Frístund sem verður um það bil tíu mínútna innlag með íþróttum og tólmstundum, kynnt af Helgu Möller.

Til að byrja með tekur hún á móti birninum Paddington sem er flestum börnum kunnur. Hann kemur frá Englandi og ætlar að kynna sér ýmislegt hér á landi. Hann slæst því í för með Helgu á hina ýmsu staði. Þá verður fjallað um umhirðu gæludýra, litlir söguleikþættir, myndskreyttar sögur, teikningar eftir áhorfendur og margt fleira.

Sumarglugginn er fimmtíu mínútna þáttur og verður hann endursýndur á miðvikudögum. Umsjónarmaður er Árný Jóhannsdóttir. Upptökur annast Eggert Gunnarsson.

Sjónvarp kl. 22.30:

Bergmál

Á sunnudagskvöldum hefur sjónvarpið sýnt vandaðan breskan myndaflokk Bergmál (Echoes). Fjallar myndaflokkurinn um líf í smábæ einum á Írlandi, Castlebay, þar sem allir þekkja alla og hið minnsta brot verður tilefni hneykslismála. Aðalpersónurnar eru tvær, önnur þeirra er ung stúlka, Clare O'Brien, sem er ákveðin í að nýta námsárangur sinn til að sleppa frá Castlebay. Það verða þó mörg ljón í vegi hennar, sérstaklega taka ástamálin sinn toll og þegar hún er loks komin í háskólann í Dublin verður hún ástfangin af læknastudent einum og á það eftir að reynast henni afdrifarikt.

Hin aðalpersónan er kennari Clare, Angela, sem sér í Clare þá persónu sem hana langaði að verða en aldrei varð af. Hún er óþreytandi við að tala máli lærdómsins í eyru Clare, þrátt fyrir mörg vandamál sem stöðja á henni.

Bergmál er virkilega vandaður framhaldsþáttur sem höfðar til allra. Eins og oft er um breska þætti af þessari gerð er ekki mikill hraði í atburðarásinni, en því safarikara er innihaldið. Í kvöld verður þriðji þátturinn af fjórum. -HK

Stöð 2 kl. 23.00:

Alfred Hitchcock

Eins og vænta má í þætti úr safni Alfred Hitchcocks í kvöld eru hlutirnir ekki allir sem þeir sýnast. Myndin í kvöld heitir If Looks Could Kill. Fjallar myndin um glæsilega fjórutíu og fimm ára gífta konu, Katherine, sem kynnist tíu árum yngri manni, David, sem heillar hana upp úr skónum. Katherine verður yfir sig ástfangin og gleymir brátt hjónabandi og skyldum sínum.

Það verður því mikið áfall fyrir hana þegar David tilkynnir henni að hann geti ekki haldið áfram sambandi þeirra því önnur kona, Anna, á hug hans allan. Katherine verður sér úti um mynd af Önnu, fer með hana til lýtalæknis sem fyrirmynd að útliti ...

Þættir þessir í myndaflokki Hitchcocks eru nýir en byggðir á eldri þáttum sem gerðir voru þegar meistarinn var enn á lífi. Þess vegna sjáum við honum alltaf bregða fyrir í byrjun þar sem hann kynnir þættina á sinn óvenjulega hátt. -HK

1	2	3	4
5	6		
	7	8	
9	10		11
	12		
		13	

Tónlistarkrossgáta

Tónlistarkrossgátan er á sínum stað á sunnudaginn á rás 2. Þetta er í 126. sinn sem hlustendur spreya sig á gátunni. Jón Gröndal hefur séð um tónlistarkrossgátuna frá upphafi. Lausnir skal senda til: Ríkisútvarpsins – rás 2, Efstaleiti 1, 108 Reykjavík.